

Foreldraráðsfundur 19. janúar 2015

Fundur byrjar kl: 18.00

Mættar: Elín Th. Reynisdóttir, Lilja Gunnarsdóttir og Svala Ýr Smáradóttir ásamt Ingunni Ríkharðsdóttur leikskólastjóra sem ritar fundargerð.

1. Farið yfir fjárhagsáætlun 2015

Farið yfir helstu liði fjárhagsáætlunar leikskólans fyrir árið 2015. Ingunn leggur áherslu á að fjárhagsramminn / fjárheimildir sé það sem horfa þurfi til og reka skólann innan þeirra heimilda. Skólinn vel rekinn undirfarinn ár og hefur skapað sér rými innan fjárheimilda með góðu utanumhaldi og skynsamlegri nýtingu þfjármagns.

Rætt um orlofsdaga starfsfólks sem standa eftir þegar **5 vikna sumarlokun** er lokið og eru verulega íþyngjandi fyrir skólann þar sem ekki er gert ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlun. Í Garðaseli standa eftir 85 dagar (4 mánuðir) miðað við 100 % starf sem skólinn þarf að leysa sjálfur og ekki er áætlað fyrir. Starfsaldur starfsfólks ræður miklu um hversu mikið stendur eftir af orlofsdögum þegar sumarlokun lýkur. Rekstraraðila hefur verið bent á þetta en ekki komið til leiðréttingar enn.

Stofnaður hefur verið þróunarsjóður skóla- og frístundasviðs með 3.500.000 kr árið 2015. Tilgangur með þróunarsjóði skóla- og frístundasviðs Akraneskaupstaðar er að styrkja við þróunar- og nýsköpunarstarf á sviði skóla- og frístunda á vegum Akraneskaupstaðar með það að markmiði að það verði í sífelltri þróun í takt við breytingar í umhverfi starfseminnar

2. Sumarlokun 2015

Í fjárhagsáætlun 2015 er gengið út frá því að sumarlokun verði 5 vikur og Vallarsel verði með sumarskólann. Ingunn fer yfir fyrirkomulag sumarskólanna síðastliðinn þrjú ár og hvernig til hefur tekist. Rætt um kannanir leikskólanna vegna sumarlokunar árin áður og niðurstöður þeirra. Rætt um áhyggjur foreldra af börnum sínum og erfitt sé fyrir sum börn að fara inn í nýja skóla, aðlögun barnanna að nýju umhverfi og starfsfólki ofl.

3. Sameiginlegur fundur foreldraráða leikskólanna

Ingunn leggur fram þá tillögu að foreldraráð allra leikskólanna hittist (einu sinni á hvorri önn) og búi til formlegan vettvang fyrir málefni sem tengjast leikskólum, börnum og foreldrum. Samkvæmt lögum um leikskóla eru foreldraráðin skilgreind sem samstarfs- og umsagnaraðilar sem leikskólum ber að hafa samráð við um ýmis mál er varðar skipulag og innihald starfs.

Foreldrar á fundinum allir samþykkir þessari tillögu og telja að þetta yrði farsælt skref og gæti orðið öflugur vettvangur foreldra leikskólabarna til að ræða saman og skiptast á skoðunum.

Ingunn mun hafa samband við aðra leikskólastjóra til að koma slíkum fundi á.

4. Önnur mál

- a. **Næringarstefna leikskólans** – sett var í starfsáætlun 2014-2015 að vinna næringarstefnu sem byggðist á viðmiðum heilsustefnunnar og næringarmarkmiðum

Landlæknisembættis. Skólinn leitar til Vigdísar Stefánsdóttur, næringarfræðings, með mál er varðar þennan þátt skólastarfsins.

- b. Verklag vegna tilkynninga til foreldra um óhöpp barna í leikskólanum** – farið yfir verklag sem gildir ef börn verða fyrir óhöppum, minniháttar jafnt sem stærri. Hvenær er hringt í foreldra og hvenær ekki, of mikið eða of lítið – vandmeðfarið og einstaklingsbundið gagnvart foreldrum. Slysaskráningar eru virkar í leikskólanum og haldið utan um þær.

Rætt og niðurstaðan var sú að upplýsa þetta frekar í næsta fréttabréfi til foreldra.

- c. Kannanir til foreldra**

Ingunn bendir foreldraráði á að skólinn hafi áskrift að rafrænu könnuarkerfi sem handhægt er að nota til að kanna viðhorf ýmissa aðila. Hafi foreldraráðið áhuga á að gera könnun getur það nýtt sér þetta kerfi.

Áætlun um endurmat á skólastarfi 2014-2015 er í starfsáætlun Garðasels en þar er tilgreint til hvaða þátta endurmatið nær til. Reynt er að standast það endurmat eins og kostur er.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl: 19.40

Ingunn Ríkharðsdóttir leikskólastjóra